



Tilmæli 12/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1687/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal	A 1687_velfærd – Nefndarálit um þingmannatillögu um samnorrænar aðgerðir í aðlögunarmálum

Samnorrænar aðgerðir í aðlögunarmálum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 20. september 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að veita fé til að koma á fót sjóði sem ætlað er að styðja við og greiða fyrir starfsemi sem tryggir aukið samstarf borgaralegra samtaka á Norðurlöndum um lausn vandamála sem tengjast aðlögun. Fjármagn verði útvegað með því að breyta forgangsörðun innan núverandi fjárhagsramma;

að tekin verði saman skýrsla um aðlögunarmál sem varpi ljósi á málaflokkinn frá ólíkum sjónarhornum svo sem út frá menntun, vinnumarkaði, tungumálapjálfun, húsnæði, mismunun og tómstundum, og að skýrslan dragi fram bæði jákvæð og neikvæð dæmi um aðlögun á Norðurlöndum;

að efnt verði til málþings fyrir stefnumótandi aðila á Norðurlöndum þar sem reynsla og tilhögun landanna á sviði aðlögunar verði til umræðu.

Kaupmannahöfn, 25. september 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs